

Verk- mannafla- og greiðsluáætlun

40122 - Snjóflóðavarnir í Kubba 2018

Undirbúningur

Gert er ráð fyrir að verkið hefjist um 20. apríl og verður hafist handa við að yfirfara svæðið eftir veturinn, koma búnaði upp á fjall og hefja borun, en tryggja þarf að allar útsetningar séu til staðar á þeim tíma. Sérstök áhersla verður lögð á fótplatta í sumar en aukning í mannskap í sumar verður að mestu varið í þann verklið, en einnig verður bætt við mönnum í samsetningar á grindum ásamt því að vera Sigmönnum til aðstoðar við uppsetningu.

Hér að neðan er farið yfir áætlanir sumarsins í grófum dráttum eftir verkþáttum og er áætlað að verkinu ljúki í október að mestu. Þó má gera ráð fyrir að frágangur á uppsetningu ásamt almennum frágangi á verkstað gæti dregist til nóvember mánaðar.

Borun, grautun og fótplattar

Búið er að bora, grauta og staðsetja fótplatta fyrir grindur sem uppsettar verða í júní.

Fyrir uppsetningu í ágúst á eftir að bora og grauta 24 holur í línu I-5, 34 holur í línu II-5 og 34 holur í línu II-6, eða samtals 92 holur. Einnig er gert ráð fyrir að ná línur II-7 og II-8, en þá bætast við 72 holur í þessum áfanga. Einnig á eftir að grafa fyrir fótplöttum og mæla fyrir stoðum, en 239 fótplattar eru í þessum áfanga að undanskildum línur II-7 og II-8.

Fyrir uppsetningu í október á eftir að bora 642 holur í línur I-6 til II-11. Þessi fjöldi miðast þó við að línur II-7 og II-8 tilheyri þessum áfanga, þ.e. ef línur II-7 og II-8 klárast í fyrri áfanga fækkar holunum í þessum áfanga um 72 holur. Fjöldi fótplatta í þessum áfanga eru 321 talsins.

Miðaða við bestu aðstæður yfir sumarið mun borun, grautun og staðsetning fótplatta vera lokið 31. júlí hið fyrsta og ekki seinna en 11. ágúst, en það ætti að gefa nægan tíma til uppsetningar í október.

Uppsetning

Fyrsta uppsetning fer fram í júní á línur I-01, I-02, I-03, II-0-B, II-0-C, II-1, II-2, II-3 og II-4, en allar mælingar á tilteknum línur voru framkvæmdar á síðasta ári og framleiðslufnið því þegar tilbúið. Í ágúst er svo önnur uppsetningin og eru það línur I-03-B, I-04, I-1, I-2, I-3, I-4 og I-5, II-5 og II-6 sem fara upp þá með möguleika á að bæta við línur II-7 og II-8 eftir því hver staðan á borun og grautun er. Þriðja og síðasta uppsetningin fer fram í október með línur I-6, I-7, I-8, I-9, I-10, II-9, II-10 og II-11 og línur II-7, II-8 ef þær nást ekki í fyrri uppsetningu.

Helsta vinnan við uppsetningu grindar er samtenging þeirra ásamt frágangi í kringum þær og má gera ráð fyrir að sú vinna teygi sig yfir í mánuðinn á eftir.

Samantekt

Borun og grautun:	734 holur
Fótplattar:	560 stk.
Grindur:	1.888 m (skv. verksamningi)
Viðbótargrindur:	
I-03-B	19,72 m
II-0-B	20,29 m
II-0-C	8,74 m
Samtals:	48,75 m

Verk- mannafla- og greiðsluáætlun

40122 - Snjóflóðavarnir í Kubba 2018

Mannafli

Mannaflinn verður með svipuðum hætti og 2017 með þeirri undantekningu að fjölgað verður í hópi Elju manna um 42%. Einnig munu starfsmenn Sigmanna spila stærra hlutverk í sumar vegna sérþekkingar þeirra í uppsetningu grinda. Samkvæmt neðangreindri töflu verður mannaflinn hátt í 24 á háannatíma, en þar af eru 17 þeirra starfsmenn Elju. Einnig kemur til greina að nýta starfskrafta frá Austurríki líkt og gert var í fyrra, en þá komu tveir þaulvanir starfsmenn sem voru með verkstjórn í fjarveru Ágústs.

Starfsmenn	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	október	nóvember
Stjórnendur	2	2	2	2	2	2	2	2
ÍAV starfsmenn	0	1	1	0	0	0	0	0
Elja	8	11	17	17	17	8	8	8
Sigmenn*	0	0	4	0	2	0	2	0
Samtals	10	14	24	19	21	10	12	10


* Sigmenn verða eingöngu á staðnum við uppsetningu grinda, fimm dagar áætlaðir í hverri uppsetningu.

Greiðsluáætlun

Greiðsluáætlunin er byggð á ofangreindri framvindu, en í þeim tilvikum sem um mörg einingarverð er að ræða er meðal einingarverð notað og getur því verið misræmi á milli greiðsluáætlunar og verksamnings. Einnig ber að hafa í huga að viðbótarlínur og álagsgreiðslur vegna þeirra eru ekki í verksamningi og þ.a.l ekki hluti af neðangreindri greiðsluáætlun.

Verkbættir	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	október	nóvember	Samtals
Aðstaða	157	2.543	3.493	3.618	4.022	610	1.590	887	16.920
Borun og grautun	1.869	39.259	39.259	39.259	29.912				149.558
Fótplattar	1.586	17.449	25.381	33.313	33.313				111.042
Uppsetning									
Stærð 4,0			4.431	2.215	336	168			7.150
Stærð 3,5			7.454	3.727	10.595	5.297			27.074
Stærð 3,0			1.683	842	20.264	10.132	33.107	16.554	82.582
Endastyrking				410		410		1.640	2.460
Frágangur				518	0	518		518	1.553
Samtals	3.612	59.252	81.701	83.901	98.441	17.135	34.697	19.598	398.338


* Upphæðir eru birtar í þúsundum króna.



Kubbar - Snjóflóðavarnir á Ísafirði

Borun - Verkætlun


Útgáfa	Lýsing	Ha.	St.	Sa.	Dags.
Verknúmer	40122			Hannað af	OC
Teikninganúmer	40122-00-01			Samþykkt af	OC
Dags. teikningar	22.6.2017			Stjórnað af	OC
Scale A3	1:1000			Bls. stærð	A3



Kubbar - Snjóflóðavarnir á Ísafirði

Fótplattar - Verkáætlun

Útgáfa	Lýsing	Ha.	St.	Sa.	Dags.
Verknúmer	40122			Hannað af	OC
Teikninganúmer	40122-00-01			Samþykkt af	OC
Dags. teikningar	22.6.2017			Stjórnað af	OC
Scale A3	1:1000			Bls. stærð	A3



Kubbar - Snjóflóðavarnir á Ísafirði

Grindur - Verkáætlun

Útgáfa	Lýsing	Ha.	St.	Sa.	Dags.
Verknúmer	40122			Hannað af	OC
Teikninganúmer	40122-00-01			Samþykkt af	OC
Dags. teikningar	22.6.2017			Stjórnað af	OC
Scale A3	1:1000			Bls. stærð	A3